

168

19. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
nr. 91 17. maí 1951.

1. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir 6% ársvexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr., 2. mgr., komi: hæstu lög-
leyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

169

23. ágúst

AUGLÝSING

um skrásetningargjald bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, er ákveðið, að gjald til ríkissjóðs fyrir skrásetningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 100.00. Ber eiganda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskráning fer fram.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.